

Borgarráð 19.7.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um stýrihóp um endurskoðun gildandi stefnumótunar gegn einelti og áreitni sem borgarfulltrúi Flokks fólksins fer fyrir
- R18060221

Lagt er til að borgarráð samþykki að stofna stýrihóp um endurskoðun á gildandi stefnumótun Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi m.a. með það fyrir augum að kanna starf og hlutverk eineltis- og áreitniteyma sviða Reykjavíkurborgar og leita leiða til að þau geti liðsinnt stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar í forvörnum og verkferlum við vinnslu kvartana sem upp koma á vinnustöðum borgarinnar. Stýrihópurinn verður skipaður fulltrúum allra flokka í borgarstjórn og formaður hans verður borgarfulltrúi Flokks fólksins. Með hópnum starfar starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar og er skrifstofu borgarstjóra og borgarritara falið að vinna erindisbréf stýrihópsins þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk í samræmi við 3. gr. reglna um starfs- og stýrihópa. Erindisbréfið skal leggja fram á næsta fundi borgarráðs.

Greinargerð:

Meta þarf umfang vandans, endurskoða siðareglur kjörinna fulltrúa og starfsmanna Reykjavíkurborgar auk þess sem fara þarf yfir verklagsreglur og viðbragðsáætlanir og tryggja að þær nái yfir áreitni og ofbeldi. Nauðsynlegt er að stýrihópurinn endurskoði gildandi stefnumótun í stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi m.a. með það fyrir augum að kanna starf og hlutverk eineltis- og áreitniteyma sviða Reykjavíkurborgar og leita leiða til að þau geti liðsinnt stofnunum og fyrirtækjum borgarinnar í forvörnum og verkferlum við vinnslu kvartana sem upp koma á vinnustöðum borgarinnar. Nauðsynlegt er að komið verði á fót hlutlausum vettvangi þar sem hægt er að vísa málum til afgreiðslu sem ekki er hægt að leysa úr innan stofnanna og fyrirtækja borgarinnar.